



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Embætti Landlæknis
b.t. Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis
Barónsstíg 47
101 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2017
Tilv.: 1702003

Efni: Álit Samkeppniseftirlitsins á grundvelli laga um opinber innkaup vegna innkaupa Embættis landlæknis á bóluefni vegna heimsfaraldurs inflúensu.

I.

Þann 3. febrúar 2017 barst Samkeppniseftirlitinu tilkynning um þátttöku Embættis landlæknis (sóttvarnalæknir), f.h. velferðarráðuneytisins, í miðstýrðri innkaupastarfsemi í Danmörku vegna forkaupsréttar á bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu. Í tilkynningu Embættis landlæknis kemur fram að um sé að ræða inngöngu Íslands í útboð Danmerkur um forkaupsrétt á bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu. Heimsfaraldrar inflúensu gangi á nokkurra áratuga fresti og geti valdið miklum skaða með hárrí títöni dauðsfalla og annarra alvarlegra afleiðinga. Eina raunverulega vörnin gegn slíkum faraldri sé bóluefni. Bóluefni gegn heimsfaraldri inflúensu verður einungis framleitt eftir að Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur lýst yfir heimsfaraldri og er því varan ekki til á almennum markaði milli heimsfaraldrar. Sökum þess mikla magns bóluefnis sem framleiða þarf á stuttum tíma þegar heimsfaraldur skellur á hafi einungis 2-3 erlendir framleiðendur lýst yfir getu til slíkrar framleiðslu.

II.

Samkvæmt lögum nr. 120/2016 um opinber innkaup er kaupanda heimilt að nýta miðstýrða innkaupastarfsemi í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. neðangreinda grein í lögum um opinber innkaup.

„20. gr. Innkaup í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins.

Kaupanda er heimilt að nota miðstýrða innkaupastarfsemi í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins til að bjóða út innkaup á vöru eða þjónustu sem falla undir lög þessi. Ríkiskaupum er einnig heimilt að bjóða út innkaup, sem falla undir lög þessi, í öðru ríki Evrópska efnahagssvæðisins, í samstarfi við erlenda kaupendur, samtök þeirra eða fulltrúa, eða miðlægar innkaupastofnanir.

Samkeppniseftirlitinu skal tilkynnt um fyrirhuguð innkaup ásamt rökstuðningi fyrir beitingu heimildar skv. 1. mgr. Með rökstuðningnum skal fylgja samkeppnismat í samræmi við leiðbeiningar Ríkiskaupa. Samkeppniseftirlitið skal veita álit sitt á matinu og taka þar með afstöðu til þess hvort útboðið sé til þess fallið að raska samkeppni á innlendum markaði. Álitið hefur ekki áhrif á



Útboðsferlið. Kaupandi getur lokið útboði óháð niðurstöðu Samkeppniseftirlitsins. Afhenda skal afrit af samningi í kjölfar útboðs sé óskað eftir því.

Um innkaup sem fara fram á grundvelli þessa ákvæðis gilda reglur viðkomandi ríkis, þar á meðal um kærur, gildi innkaupaákvæðana og skaðabætur."

Eins og fram kemur í 2. mgr. 20. gr. laganna skal Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð innkaup ásamt rökstuðningi fyrir beitingu heimildar skv. 1. mgr. greinarinnar.

Þetta er gert í þeim tilgangi að Samkeppniseftirlitið geti haft yfirsýn yfir innkaup á grundvelli ákvæðisins eins og fram kemur í umsögn með lagagreininni. Þar kemur einnig fram að almennt eða einfalt mat um áhrif á innlenda markað skuli vera hluti af rökstuðningi kaupanda sem honum ber að afhenda Samkeppniseftirlitinu. Tilgangur 20. gr. laga um opinber innkaup er m.a. sá að veita aukna möguleika fyrir innlenda aðila til að standa sameiginlega að innkaupum með erlendum aðilum, til að mynda vegna lyfjakaupa. Þá er talin ástæða til að opinberir aðilar nýti sér heimildina sérstaklega þegar um mjög sérhæfða vöru er að ræða sem aðeins hið opinbera kaupir að öllu jöfnu, s.s. sérhæfð lyf. Að sama skapi er mikilvægt að slík innkaup takmarki ekki samkeppni á innanlandsmarkaði.

III.

Samkeppniseftirlitið telur ljóst að í þessu tilviki er um að ræða mjög sérhæfð innkaup sem ekki eru algeng. Um er að ræða forkaupsrétt á bóluþefni sem mikilvægt er fyrir heilbrigðiskerfið og öryggi landsmanna. Samkvæmt tilkynningu eru einungis 2-3 alþjóðlegir framleiðendur sem hafa burði til að framleiða viðkomandi bóluþefni í nægjanlegu magni. Þá hafi verið gengið frá sambærilegum samningum við Dani árið 2006.

Með vísan til framangreinds telur Samkeppniseftirlitið að forsendur séu til þess að Embætti landlæknis gangi inn í útboð Dana um forkaupsrétt á bóluþefni gegn heimsfaraldri influensu. Þá hafa umrædd innkaup ekki í för með sér sjáanleg áhrif á markaði hér á landi.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið



Magnús Þór Kristjánsson

Afrit: Ríkiskaup, b.t. Dagmarar Sigurðardóttur, Borgartúni 7c, 105 Reykjavík.